

Til Sjávarútvegs- og landbúnaðarnefndar Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvid@althingi.is

Reykjavík 12.08. 2010

Efni: Umsögn Beint frá býli um Þskj. 1284 — 662. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.99/1993, um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum.

Félagið Beint frá býli í samstarfi við Bændasamtök Íslands og aðra tengda aðila hefur unnið markvisst að því að aðstoða og styðja við bakið á bændum við að koma upp heimavinnslu á lögbýlum, þar sem bændur framleiða og selja vörur beint frá býli.

Beint frá býli hefur fundið fyrir miklum meðbyr á undanförunum misserum. Félagsaðilum fjölgar ár frá ári og eru nú um 100 talsins. Þessir aðilar framleiða fjölbreytilegar vörur aðallega úr eigin hráefni. Sala á heimaunnum afurðum hefur aukist jafnt og þétt síðustu ár.

Það er ljóst að stærsti framleiðandi mjólkurafurða á Íslandi er stórfyrirtæki á Íslandi þó það teljist kannski smátt samanborið við sambærileg framleiðslufyrirtæki á Norðurlöndunum, sbr. t.d. Arla. Stöðugt leita fyrirtæki eftir leiðum til að hagræða í rekstri og Mjólkursamsalan (MS) er þar ekki undanskilin. MS stendur í og hefur staðið frammi fyrir því síðustu ár að þurfa að hagræða í rekstri til að mæta taprekstri sem og til að styrkja sig gagnvart mögulegri erlendri samkeppni á innanlandsmarkaði í nánustu framtíð. Fyrirtækið hefur verið að flytja til framleiðslustöðvar einstakra vörulína til að koma upp öflugri framleiðslulínunum. Það gefur því augaleið að fyrirtæki sem er komið í þessa stærðargráðu hættir að sinna vöruframleiðslu og þjónustu sem ekki passar inn í stærri framleiðslulínur og þjónustuferli. Því telur félagið að þjónusta og vöruframleiðsla sem krefst mikillar handavinnu af hálfu framleiðanda hverfi hægt og rólega af markaði.

Á síðustu árum hefur nokkur fjöldi mjólkurbænda hafið eigin framleiðslu mjólkurafurða, einkum á mjólkurís og ostum, heima á búum sínum sem ætlaðir eru til sölu beint frá býli eða í gegnum milliliði þar sem sumir búa afskekkt eða geta ekki tekið á móti viðskiptavinum heima á bæ. Mjólkurbændur munu að mati félagsins þurfa að hugsa sig tvisvar um hvort þeir eigi að fara út í slíkan rekstur. Til að mynda þarf 10 lítra af mjólk í 1 kg af brauðosti (föstum osti). Markaðsfærsla upp á 10.000 lítra þýðir þá framleiðslu á um það bil 1000 stk. af 1 kg ostum. Það gefur því augaleið að það mun ekki þjóna kostnaði fyrir mjólkurbændur að leggja út í kaup á dýrum framleiðslubúnaði, stunda kostnaðarsama framleiðslu sem tekur mikið framleiðslupláss vegna tímalengdar framleiðsluferlis o.s.frv.



Mikilvægt er að hlúa að framleiðslu og sölu aðila beint frá býli sem er einn af vaxtarsprotum landbúnaðarins um þessar mundir og getur aukið fjölbreytni í atvinnuháttum sveitanna. Einnig dregur þetta neytendur út á land með möguleika á viðtækri tekjuaukningu fyrir ferðaþjónustutengda atvinnustarfsemi.

Frumvarpið sem um ræðir hér hljóðar nú á opnun markaðsfærslu innanlands á afurðir úr mjólk allt að 10.000 lítrum á hverju verðlagsári án þess að það teljist til nýtingar á greiðslumarki lögbýlisins. Að mati félagsins eru 30.000 lítrar algjört lágmark til að þetta geti orðið eitthvað sem skiptir máli til framleiðslu og tekjuöflunar. Þetta er það lítill hluti mjólkur á markaði að það getur aldrei orðið nema lítið brot af mjólkurframleiðslunni í landinu. Á næstliðnu verðlagsári var heildargreiðslumark 119 milljónir lítra. Ef við gefum okkur að tíu mjólkurframleiðendur myndu fullnýta leyfða lítra og nota 30.000 lítra árlega í heimavinnslu yrðu það 300.000 lítrar eða 0,25%. Aukið vöruframboð er líklegt til að auka neyslu á mjólkurafurðum, þ.e. framleiðslan mun að líkindum „stækka heildarmarkaðinn“. Engar heimaunnar afurðir eru í beinni samkeppni við framleiðsluvörur innlendra stórfyrirtækja heldur aðallega innfluttar mjólkurafurðir t.d. osta og dýra ísa (vörur með langan líftíma). Þessi framleiðsla mun því aldrei raska réttindum og skyldum samkvæmt samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu. Það má heldur ekki gleyma vilja neytenda til að vita meira um þær vörur sem þeir versla og vilja þeirra til milliliða lausra viðskipta.

Frumvarp þetta er því veruleg bragarbót fyrir bændur í heimavinnslu en gengur ekki nógu langt í núverandi mynd hvað varðar fjölda lítra sem má markaðsfæra innanlands.

Beint frá býli leggur því til:


að í 2. grein þar sem segir:

„Þó er honum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að markaðsfæra innan lands, á hverju verðlagsári, afurðir úr slíkri mjólk, sem samsvara allt að 10.000 lítrum mjólkur, án þess að það teljist til nýtingar á greiðslumarki “, komi textinn:

verði breytt í:

„Þó er honum heimilt, þrátt fyrir ákvæði 2. mgr., að markaðsfæra innan lands, á hverju verðlagsári, afurðir úr slíkri mjólk, sem samsvara allt að 30.000 lítrum mjólkur, án þess að það teljist til nýtingar á greiðslumarki.“

*Virðingarfyllst,
f.h. Beint frá býli*



Hlédís Sveinsdóttir, formaður.